

## Fundargerð 487

Föstudaginn 12. júní 2020 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar. Fundað var með fjarfundarbúnaði. Þessir fundarmenn sátu fundinn; Magnús B. Jónsson (MBJ) formaður, Gunnar Þorgeirson (GP), Halldóra Kristín Hauksdóttir (HKH), Heiðbrá Ólafsdóttir (HÓ) (varamaður), Karl Björnsson (KB), María Hjálmarsdóttir (MaH) og Sigríður Jóhannesdóttir (SJ). Auk þeirra sátu fundinn Aðalsteinn Þorsteinsson (AÞ) forstjóri, Arnar Már Elíasson (AME) forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Hjalti Árnason (HÁ) forstöðumaður lögfræðisviðs, Sigríður Elín Þórðardóttir (SEP) forstöðumaður þróunarsviðs og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 10:02 og liggur eftirfarandi dagskrá fyrir fundinum:

1. Fundargerð síðasta fundar - til afgreiðslu
2. Lánamál - til afgreiðslu
3. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar
4. COVID-19 - skýrsla forstjóra til upplýsingar
5. Önnur mál
6. Næsti fundur

Öll gögn sem vísað er til í fundargerðinni voru aðgengileg í fundargátt stofnunarinnar fyrir fundinn nema annað sé tekið fram.

### 1. Fundargerð síðasta fundar – til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur fundargerð síðasta fundar nr. 486.

Formaður bar upp fundargerðina til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða.

### 2. Lánamál – til afgreiðslu

...  
...  
...  
...

### 3. Fundargerðir lánanefndar – til kynningar

Fyrir fundinum liggja fundargerðir lánanefndar nr. 20/20-22/20 til kynningar.

### 4. COVID-19 – skýrsla forstjóra til upplýsinga

AÞ upplýsti um að mikið af skuldbreytingarbeiðnum væru enn að berast og sæist það í sjóðstreymi. Þá sagði hann frá tjóni sem varð á fullnustueign stofnunarinnar í Hrísey þegar kviknaði í frystihúsinu í eyjunni í lok maí, en það var næsta hús við. Meðal verkefna á þróunarsviði væri að búið væri að senda samantekt á áhrifum COVID-19 á höfuðborgarsvæðinu til SRN. Einnig sagði hann frá undirbúningi að 100 m.kr. fjárfestingarátaki í Brothættum byggðum. Þá væri búið að móta tillögur um jöfnun aðgengis að grunnþjónustu. Að lokum væri von á húsgögnum í nýtt húsnæði stofnunarinnar um mánaðamótin júní/júlí.

Til máls tóku KB og MBJ.

### 5. Önnur mál

GÐ, spurði út í samninginn við EIF um COSME ábyrgðir. AME upplýsti að stofnunin hafi fengið send drög að samningi sem verið væri að fara yfir og vonandi væri hægt að leggja minnisblað um hann fyrir stjórn á næsta fundi.

MBJ sagði þörf á að skoða breytingu á reglum um störf stjórnar í tengslum við fjarfundi.

GÐ velti því upp hvort hægt væri að fara sömu leið í nýliðun í landbúnaði og félagsmálaráðherra kynnti nýlega með hlutdeildarlánnum.

SJ sagði góðar fréttir væru að koma frá Bakkafirði með nýjum aðilum sem væru að nýta aflamark Byggðastofnunar.

## 6. Næsti fundur

Næsti fundur verður föstudaginn 26. júní á Sauðárkróki.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:45.

Magnús Helgason, fundarritari

---

---

---

---

---

---

---